

Sp.

93. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um fjáröflun til byggingarsjóða.

Flm.: Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Garðar Halldórsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega nú þegar byggingarsjóði ríkisins það lánsfé, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörfum; enn fremur að útvega nú þegar byggingarsjóði Búnaðarbankans fé til þess, að hann geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga efnislega samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Er tillagan því flutt hér á ný, sökum þess að því fer mjög fjarri, að vandamál það, sem henni var ætlað að ráða bót á, hafi verið leyst.

Á árinu 1960 hefur til þessa aðeins verið úthlutað lánnum að fjárhæð 45 millj. kr., eða lægri fjárhæð en tíðkæpt hefur að lána úr sjóðnum árlega, síðan lög um hann voru sett, að árinu 1959 einu undanskildu.

Augljóst er, hve víðs fjarri fer því, að lánaupphæð þessi sé viðunandi nú, sérstaklega þegar þess er gætt, hversu byggingarkostnaður hefur stórukízt á þeim árum, sem sjóðurinn hefur starfað.

Sérstaklega hefur hækkunin orðið tilfinnanleg á þessu ári, þar sem byggingar-efni hefur hækkað gífurlega í verði af völdum gengislækkunar og söluskatts.

Þá hefur kostnaður allur vaxið risaskrefum vegna vaxtahækkunar þeirrar, sem lögfest var með lögum nr. 4/1960, svo að fyrirsjáanlegt er, að greiðslubrot fjölmargra húsbýggjenda eru á næsta leiti, ef ekki verða fundnar leiðir til úrbóta nú þegar. Þarf að vera hægt að gera hvort tveggja, að veita þeim umsækjendum lán, sem enga úrlausn hafa fengið til þessa, og hækka lánsupphæð til manna, sem sýnilega eru að tapa eignarhaldi á húsum sínum vegna fjárskorts.

Í tillögu þessari er ekki bent á ákveðnar leiðir til fjáröflunar, en þar getur verið um ýmsar leiðir að ræða, eins og framsóknarmenn hafa áður bent á í tillögum sínum. Rétt þykir að gefa ríkisstjórninni frjálsar hendur að þessu sinni um að velja leiðir þær, sem hún telur heppilegastar og framkvæmanlegastar í þessu skyni, enda á hún að hafa bezta aðstöðu til að gera það.

Nánar í framsögu.